



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Fjárlaganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2017.

Efni: Umsögn um fjármálaáætlun 2018–2022 (402. mál, þskj. 533) er varðar Náttúruminjasafn Íslands með hliðsjón af samþykkt Alþingis um uppbyggingu Náttúruminjasafnsins, sbr. ályktun Alþingis nr. 70/145.

Undir lok síðasta kjörtímabils fluttu sex formenn flokka sem sæti áttu á 145. þingi tillögu að þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands á árinu 2018. Þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.“

Sigurður Ingi Jóhannsson þáverandi forsætisráðherra mælti fyrir tillögunni og var hún samþykkt samhljóða sem ályktun Alþingis nr. 70/145 með 56 atkvæðum. Sjö þingmenn voru fjarstaddir. Ályktunin sætir miklum tíðindum enda í fyrsta skipti síðan Náttúruminjasafn Íslands var sett á laggirnar árið 2007 að fyrir liggur staðfestur, þverpólitískur vilji Alþingis til að byggja upp höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum. Þingsályktunin gaf fyrirheit um að Náttúruminjasafnið kæmist loks á laggirnar en frá upphafi hefur safnið glímt við afar naumar fjárheimildir og hvorki búið yfir eigin skrifstofu- né sýningarstöðu.

Það veldur því miklum vonbrigðum að Náttúruminjasafnsins skuli hvergi vera getið í tillögu ríkisstjórnarinnar að ríkisfjármálaáætluninni fyrir 2018–2022.

Aldrei hefur verið mikilvægara – og hagfelldara – að koma fótunum undir þetta höfuðsafn þjóðarinnar en nú. Íslendingar eru meðal ríkustu þjóða jarðar, mikill uppgangur er í samfélaginu, óvenju fjölbreytt, gjöful og sérstæð náttúra landsins er mjög viðkvæm og hrópanði þörf á eflingu innviða í ferðapjónustu og menntakerfinu m.t.t. fræðslu og upplýsingamiðlunar um náttúruna og skynsamlega umgengi við hana.

Náttúruminjasafn Íslands verður ekki byggt á einum degi fremur en Róm. En aðdragandinn er orðinn langur. Nær 130 ár eru frá stofnun forvera safnsins, Hins íslenska náttúrufræðifélags, árið 1889 og mikil vinna liggur nú þegar að baki í málefnum safnsins sem léttir verkið sem framundan er. Tvö atriði skipta mestu í bráð og lengd. Annars vegar að huga að varanlegri uppbyggingu safnsins m.t.t. aðstöðu og staðsetningar, þ.m.t. þeim möguleika að reisa hús á G-reitnum svonefnda á háskólasvæðinu í samstarfi við Háskóla Íslands og fleiri aðila. Hins vegar að huga að úrbótum til skemmri tíma fyrir safnið og auka við fjárheimildir þess strax á næsta ári, m.a. til að gera safninu kleift að taka tilboði Perlu norðursins ehf. um þátttöku í sýningahaldi í Perlunni.

Náttúruminjasafn Íslands treystir því að fjárlaganefnd og Alþingi standi við þau góðu fyrirheit sem gefin eru í fyrrnefndri ályktun Alþingis.

Virðingarfyllt,

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður